

**Ed.**

### **737. Nefndarálit**

um frv. til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þessu er ætlað að gera þær breytingar á gildandi löggjöf, að skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta verði ákveðið með lögum, í stað þess að dómsmálaráðherra ákveði það. Reynslan hefir sýnt, að fé það, sem árlega er veitt í fjárlögum til að standa straum af þessum kostnaði, hefir mjög sjaldan hrokkið til, og kostnaður hefir vaxið ár frá ári. Er það í sjálfu sér eðlilegt, því að í flestum sýslum landsins vaxa störf þessara embættismanna allört. Hætt er því við, að löggjöf um þetta efni þurfi tíðra breytinga við. Hinsvegar eru og talsverð vandkvæði á að láta stjórnina ákveða frá ári til árs, hve mikið skuli greiða hverjum þessara embættismanna upp í embættiskostnað þeirra, og hætt við, að það leiði til óánægju og allskonar togstreitu. Nefndin vill því fyrir sitt leyti fallast á, að tilraun sé gerð með að lögbinda greiðslur þessar.

Ýmsir af embættismönnum þeim, er hér eiga hlut að máli, hafa leitt rök að því, að skrifstofufé það, er frv. ætlar þeim, hrökkvi hvergi nærri fyrir nauðsynlegum embættiskostnaði. Sérstaklega virðist þessi munur mikill hjá bæjarfógetunum á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Hefir nefndin því eigi séð sér fært annað en að leggja til, að nokkuð verði hækkað skrifstofufé þeirra. Þá hefir lögreglustjórinn á Akranesi og farið fram á að fá litilsháttar framlag til að standast kostnað af embættinu, og virðist nefndinni mikil sanngirni mæla með, að þeirri málaleitun verði að einhverju sinnt. Þá leggur nefndin og til, að skrifstofufé sýslumannsins í Þingeyjarsýslu verði litilsháttar hækkað.

Tillaga nefndarinnar er þannig, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### **BREYTINGUM.**

Við 1. gr.

- a. Í stað „11000“ í 11. tölul. komi: 12000.
- b. Í stað „4500“ í 12. tölul. komi: 4800.
- c. Í stað „9300“ í 17. tölul. komi: 10200.
- d. Aftan við 19. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:  
Ennfremur greiðist lögreglustjóranum á Akranesi upp í skrifstofukostnað kr. 500,00.

Alþingi, 19. maí 1933.

Magnús Torfason,  
form.

Pétur Magnússon,  
frsm.

Jónas Jónsson,  
fundaskrifari.